

LISTIR

Gjöf Sveins Einarssonar

Stórt safn leikrita og leikhúsbókmennta

Á STOFNFUNDI Leikminjasafns, sem haldinn var í Iðnó sl. laugardag, færði Sveinn Einarsson safninu höfðinglega gjöf bóka, leikrita og alls kyns gagna tengd íslenskri leiklist frá liðinni öld. Sveinn afhenti nýkjörinni stjórn Leikminjasafnsins gjafabréf þar sem kveðið er nánar á um ráðstöfun gjafarinnar en munirnir verða áfram í vörslu hans þar til safnið hefur fengið eigið húsnæði til varðveislu leikminja.

„Þarna er um að ræða allt mitt leikritasafn, bæði íslenskra leikrita og erlendra, en ég hef safnað að mér flestöllum íslenskum leikritum sem gefin hafa verið út og látið binda þau inn. Þá eru nokkur leikrit sem aldrei hafa verið gefin út en mér áskotnast í handritum. Síðan er stórt safn bóka um leiklist, aðallega erlendra og sennilega er ekki til annars staðar hérlendis jafnstórt safn slíkra bóka. Þá eru nær tvö þúsund leikskrár að innlendum og erlendum sýningum og einnig stórt safn erlendra leikhústímarita. Leiksöguleg gögn, aðföng að íslenskri leiklistarsögu, í ýmsum möppum og kompum. Af því má nefna gögn um stofnun Íslenska dansflokksins, gögn um ýmislegt sem snertir starf mitt hjá Leikfélagi Reykjavíkur, Þjóðleikhúsið og sjónvarpið, gögn um stofnun Leiklistarsambands Íslands og talsvert af gögnum um samstarf við erlent leikhúsfólk bæði á norrænum

og alþjóðlegum vettvangi. Þá er þarna að finna gögn um stofnun leikskáldafélagsins og Félags leikstjóra á Íslandi.“

Sveinn segir að einnig sé um að ræða talsvert safn ýmiss konar muna sem honum hafi verið trúað fyrir. „Í gegnum árin hefur fólk komið með alls kyns gögn og muni til mín og beðið mig að geyma þar til því væri endanlega fundinn staður við hæfi. Í fórum mínum eru einnig líkón að sviðsmyndum, búningateikningar, veggspjöld og ýmislegt fleira sem full ástæða er til að varðveita.“

Að sögn Sveins hafa honum borist ýmiss konar gögn og ábendingar um muni víða um land sem nauðsynlegt er að skrásetja svo þeim sé hægt að safna saman þegar þeim verður fundinn staður. „Við stöndum á nokkrum tímamótum núna, því þó ýmislegt merkra muna hafi glatast þá er ennþá margt sem afkomendur frumherja íslenskrar leiklistar hafa í fórum sínum. Fyrsta skrefið er að skrá munina svo vitað sé hvar þeir séu niðurkomnir. Menntamálaráðherra hefur lagt til 200 þúsund krónur til að hefja það verkefni sem verður unnið í samvinnu við Þjóðleikminjasafn Íslands.“ segir Sveinn sem um langt árabil hefur verið talsmaður þess að leikminjasafni yrði komið á fót og bendir á að hugmyndin sé alls ekki ný af nálinni.



Sveinn Einarsson við veggspjöld af íslenskum leiksýningum.

„Ætli séu ekki ein 60 ár síðan Haraldur Björnsson hreyfði þessu máli í Leikhúsmálum og Lárus Sigurbjörnsson hvatti um svipað leyti til stofnunar Kúlissusjós en í þetta

sinn eru það leikmyndahönnuðir sem eiga heiðurinn af vakningunni og þeim árangri sem nú hefur náðst með stofnun Leikminjasafnsins,“ segir Sveinn Einarsson.

Mosfellskórinn í Íslensku óperunni

ÁRLEGIR vortónleikar Mosfellskórsins verða haldnir í Íslensku óperunni í kvöld, miðvikudagskvöld, kl. 20.30. Stjórnandi kórsins frá upphafi er Páll Helgason. Kórinn er blandaður kór og flytur tónlist sem ekki er talin hefðbundin kórtónlist. Lög á efnið eru m.a. How deep is your love (Bee Gees), Hver minning um þitt bros (The shadow of your smile). Einsöngvarar koma úr röðum kórfélaga, Anna Andreassen og Kristín Runólfssdóttir.

Mosfellskórinn var stofnaður fyrir 13 árum af áhugafólki um léttu tónlist og hefur sungið ýmsa swing- og rokkstandarda í gegnum árin.

Miðar eru seldir við innganginn og kostar 1.500 kr., en ókeypis fyrir börn yngri en 12 ára.

Ljósmynda-sýning í Hveragerði

SIV Friðleifsdóttir umhverfisráðherra opnar ljósmynda-sýningu í Upplýsingamiðstöð Suðurlands í Hveragerði í dag, miðvikudag, kl. 16.30. Sýningin tekur fyrir mannlíf í Hveragerði um miðbik seinustu aldar og verður hún stíluð á ferðamenn fyrst og fremst og eru skýringartextar við myndirnar á íslensku og ensku.

Sýningin mun standa fram í miðjan septembermánuð.

Fjórir höfundar fá Fjölsviðurkenningar

Á DEGI bókarinnar veitti Rithöfundasamband Íslands fjórum rithöfundum viðurkenningu úr Fjölsjóði. Þeir eru Elísabet Jökulsdóttir, Ísak Harðarson, Kjartan Ragnarsson og Sigurbjörg Prastardóttir. Fjölsjóður er tilkominn vegna þeirra greiðslna sem Rithöfundasambandið veitir móttöku fyrir ljósrítun í skólum og víðar.



Ísak Harðarson, Sigurbjörg Prastardóttir, Kjartan Ragnarsson og Elísabet Jökulsdóttir í Gunnarshúsi þar sem afhendingin fór fram.

Odd Nerdrum – leikþáttur og fyrirlestur

LISTASAFN Reykjavíkur og Listaháskóli Íslands standa sameiginlega að dagskrá í tengslum við málverkasýningu Odds Nerdrums á Kjarvalsstöðum annaðkvöld, fimmtudagskvöld, kl. 20.

Dagskráin hefst með leikþættinum Listveldið eftir Odd Nerdrum sem er samtal Odds Nerdrums við samlanda sinn, Edvard Munch. Leikþátturinn er nú fluttur öðru sinni. Leikarar eru Arnar Jónsson og Sigurður Karlsson en leikstjóri er Hávar Sigurjónsson.

Að loknum leikþættinum verður

gert stutt hlé og gefst þá gestum kostur á að ganga um sýninguna en að því loknu hefst fyrirlestur Jans Áke Pettersons um list Odds Nerdrums. Jan Áke er forstöðumaður Haugar-Vestfold listasafnsins í Tönsberg, Noregi, en hann gegndi starfi forstöðumanns við Listasafnið í Bergen árin 1990-93. Þá var hann forseti Listaakademíunnar í Osló 1993-96. Jan Áke er vel heima í listsköpun Odds Nerdrums og hefur m.a. skrifað bækur um listamennin.

Aðgangseyrir er kr. 400, en ókeypis er fyrir nemendur Listaháskólans.

Í ylhýrri ómvist

TÓNLIST

Hjallakirkja

ORGELTÓNLEIKAR

Orgelverk og þættir eftir Couperin, J.S. Bach og Langlais. Sigrún Magna Þorsteinsdóttir, orgel.

Prestur: Guðmundur Karl Brynjarsson.

Sunnudaginn 22. apríl kl. 17.

HÍÐ nýja orgel Björgvins Tómassonar, sem vígt var 25.2. sl. og ber ópusnúmerið 22, var ofarlega í huga undirritaðs á skammarlega fásótttri lítilli orgelandakt í Hjallakirkju á sunnudag. Sú athygli átti sér þá eðlilegu skýringu, að þetta var í fyrsta sinn sem sá er hér ritar barði þennan nýjasta konung hljóðfæra á höfuðborgarsvæðinu skilningarvitum. Hlýtur hún Stór-Reykjavík með áföllnum viðbótum síðastu áratuga því senn að teljast það vel orgelvádd, að helztu forsendur hljóti að vera til staðar fyrir

alþjóðlegt organistamót af stærstu gráðu.

Kom mest á óvart að aðeins skyldi sjást ein pípugeti – Prínzipal 8[?] – en hinar raddirnar allar faldar þar að baki. Minna kom hins vegar á óvart hvað hljóðfærið hljómaði vel, þ.e.a.s. það takmarkaða úrval 28 radda sem náðist að heyra á aðeins rúmum hálf tíma, enda orgelsmiðurinn góðkunnur af eldri ópusum sínum. Þar við bættist bráðfallegur eftirhljómur Hjallakirkju, sem virtist akkúrat hæfilega langur og gæddur aðdánarlega jafnri þverrandi („decay“). Eftir öllu að dæma gæti kirkjan orðið hinn ákjósanlegasti vettvangur fyrir jafnt orgeltónleika sem einsöng, kórsöng og kammertónlist, en það verður frekari reynsla að leiða gerr í ljós.

Sigrún Magna Þorsteinsdóttir Breiðholtskirkjuorganisti lék fyrst fimm stutta þætti úr Orgelmessu fyrir söfnuðinn eftir François Couperin (1668–1733), samda án fótspils, og fyrst það vel úr hendi. Eftir ritningarlestur séra Guðmundar Karls

Brynjarssonar flutti hún síðan tvö verk eftir J.S. Bach. Prelúdia og fúga í C-dúr BWV 547 er ekki meðal sviptingamestu virtúósaverka Bachs í þeirri grein, þótt meistaravél sé samið og út frá ströngustu lögmálum stefnennar úrvinnslu. Verkið var leikið af þokkalegu öryggi í varfærnu en þó stöðugu tempói. Orgelforleikurinn An Wasserflüßen Babylon BWV 653 flaut kyrrlátlega áfram á hæverskum hraða við klíðmjúkt raddaval.

Eftir bæn, Faðirvor og blessun lauk síðan orgelandaktinni með 1. þætti úr Trois Paraphrases Grégoriennes Op. 5, Mors et resurrectio, eftir blinda franska spunasnillinginn Jean Langlais (1907–91). Þó að canto fermo-tunguróddin virtist óþarflega sterk miðað við grannraddirnar hljómaði margt vel í þessu dulúðuga verki, einkum og sér í lagi hinn glæsilegi fortekafli í lokin, er kom mjög fallega út í eftirtektarverðri akústík Hjallakirkju.

Ríkarður Ö. Pálsson

Lottóáskrift
fylgja fjórar vikur
í kaupbæti!

Lottóvinningarnir skila sér beint inn á kortareikninginn og þú færð fjórar vikur fríar á ári!

Veldu þér tölur og vertu í áskrift!
www.lotto.is

LOTTO ÁSKRIFT

Lotto
 – sandur af seðlum!